

Við ákvörðun á rúmmálsstærð húsa skal miðað við fasteignamatsskrá og fyrir hús, sem ekki eru skráð í fasteignamati, skal miðað við teikningar húsa.

Ekki skal greiða rúmmálgjald af óupphituðu húsnæði í hluta af húsi, svo sem vöruskemnum og öðru óupphituðu rými fram yfir stærð, sem nemur 200 m<sup>3</sup>.

7. gr. orðist þannig:

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notanda vegna vanskila skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 713,00.

Heimilt er Orkubúi Vestfjarða að krefjast greiðslu þessarar áður en opnað er.

8. gr. 1. mgr. orðist þannig:

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskránni eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 2076 stig.

Gjaldskrárbreyting þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 og lögum nr. 66 31. ágúst 1976 til að öðlast gildi 1. ágúst 1983 með tilvísun til auglýsingar nr. 586/1983 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 5. september 1983.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Suðureyrarhrepps, nr. 226 26. maí 1977, með síðari breytingum.**

4. gr. orðist svo:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjald kr. 64,70 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

b. Vatnsgjald kr. 519,00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Á gjöld þessi leggst söluskattur og hliðstæðir skattar skv. gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

10. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Hitaveita Suðureyrarhrepps hefur rétt til að loka aðrennsli að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld.

Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3ja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, kr. 164,00 í hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. ágúst 1983 með tilvísun til auglýsingar nr. 587/1983 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 5. september 1983.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*